



Stjórnarfundur 5 þriðjudaginn 15. ágúst 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Kristín Hálfánardóttir, Steinn Einarsson, Andri Hnikarr Jónsson.

Afboð og mættu ekki: Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Svandís Þorsteinsdóttir

Dagskrá

- Deildakeppni
 - Rafræn leikskýrsla í öllum deildum
 - Sponsor á deildina
 - Spons á Windows spjaldtölvur fyrir 10-15 velli
 - Íþróttasjónvarp Sporttv - kynning
- Fjármál
 - Ný beiðni um yfirdrátt
 - Skuldastaða
 - Starfsmannamál
- Önnur mál

Fundargerð

Deildakeppni

- Rafræn leikskýrsla.
- Rætt var um að taka upp rafræna leikskýrslu í öllum deildum. Það auðveldar allt utanumhald og skráningu leikmanna og þar með styrkist grunnur iðkendagjaldsins.
- Það þarf um 12 tölvur fyrir verkefnið og umsjónaraðila til þess að vinna með ritunum.
- Það hafa opnast nýir möguleikar varðandi sölu á deildinni og auglýsingum í gegnum samstarf við nýja íþróttasjónvarpsstöð sem er aðgengileg svo til öllum landsmönnum.
- Hnikarr mun hafa umsjón með verkefninu.
- Fyrst verður talað við forsvarsmenn Mizuno til þess að ganga úr skugga um það hvað þeir eru tilbúnir að bjóða.

Fjármál

- Skuldir sambandsins eru miklar þessa stundina eftir mjög mikla starfsemi margra landsliða og mótaöld hér heima.
- Leita þarf að fleiri styrktaraðilum og koma betri skikkan á innheimtu iðkendagjaldsins. Umræðan tengdist einnig nýjum möguleikum í gegnum nýju sjónvarpsstöðina.

Önnur mál

- Ráðning landsliðsþjálfara er ekki frágengin ennþá. Margir möguleikar eru í skoðun karlamegin.
- Kvennamegin er áhersla á að hafa Daniele áfram. Hugmyndir hans lúta meira að umgjörð um kvennalandsliðið og áherslubreytingar varðandi blak yngri flokka. Fundarmenn voru jákvæðir gagnvart því að breyta blaki hjá yngstu aldursflokkunum í það að tveir leiki á móti tveimur.
- Hnikarr bauð sig fram í um 25% starf fyrir sambandið. Ekkert var ákveðið að sinni en stjórnarmönnum leist almennt vel á að fá hann til starfa. Formanni var falið að ganga frá málunum á næstu dögum.
- UMFA hefur sótt um að halda félagsliða keppni NEVZA hjá báðum kynjum í byrjun nóvember. Umsóknarfrestur er ekki liðinn og því óvíst um hvort félagið fær keppnina.

Ákveðið var að næsti fundur verði 29. ágúst

Fleira var ekki rætt

Fundi slitið kl. 18:12

Jason Ívarsson ritaði fundargerð